

# Morgunblaðið

## mbl.is/gagnasafn

Fimmtudaginn 19. október, 2006 - Innlendar fréttir

Töluverðar breytingar í vændum við Kópavogshöfn - mikil ásókn fyrirtækja í lóðir

### BYKO líklega með aðstöðu við höfnina



Framkvæmdir Miklar framkvæmdir standa yfir við Kópavogshöfn þar sem stefnt er að tæplega fimm hektara landfyllingu og ásókn í lóðir er mikil.



[ Smelltu til að sjá stærri mynd ]

Eftir Andra Karl andri@mbl.is MIKIL ásókn er í lóðir við Kópavogshöfn þar sem fyrirhugaðar eru töluverðar breytingar á næstu misserum. Bæjarstjóri Kópavogs segir breytingarnar afar jákvæðar og að

umferð um svæðið muni jafnast út.

Eftir Andra Karl  
andri@mbl.is

MIKIL ásókn er í lóðir við Kópavogshöfn þar sem fyrirhugaðar eru töluverðar breytingar á næstu misserum. Bæjarstjóri Kópavogs segir breytingarnar afar jákvæðar og að umferð um svæðið muni jafnast út. Umsóknir verða hins vegar ekki teknar fyrir fyrr en deiliskipulag svæðisins hefur verið samþykkt.

### Tæplega fimm hektara landfylling er fyrirhuguð

Framkvæmdir við höfnina eru í fullum gangi um þessar mundir, tæplega fimm hektara landfylling er þar fyrirhuguð auk þess sem viðlegukantur verður lagaður og bætt við öðrum. Í byrjun árs þegar einsýnt var um að Atlantsskip myndi flytja starfsemi sína frá Kópavogshöfn til Hafnarfjarðar fóru umsóknir um aðstöðu á svæðinu að berast bæjarstjórn. "Mikil ásókn fyrirtækja er á svæðið, við erum með fjölda lóðaumsókna og þurfum að sinna því," sagði Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri spurður um breytingarnar. Hann segir framkvæmdirnar vel á veg komnar og þær séu að mestu leyti í samræmi við aðalskipulag Kópavogs.

Gunnar staðfestir að BYKO hafi sótt um aðstöðu við höfnina og segir að skipaflutningar og umferð um svæðið muni því fremur minnka en aukast. "Með tilkomu BYKO mun verða tekið við timbri og jární en Atlantsskip tekur meira af smávöru, þannig að umferð mun heldur minnka vegna þess. Svo verður einhver aukning vegna annarra fyrirtækja sem flytjast á svæðið þannig að nettóaukning verður engin," segir Gunnar.

### Búa við höfnina og líkar vel

"Það verður meira um lagerhúsnæði og það verður öðruvísi umferð þarna með tilkomu þeirra sem eru í pípunum," segir Þór Guðmundsson, formaður hafnarstjórnar Kópavogs, og bætir við að allar áætlanir um svæðið lofi góðu.

Þór segir að íbúðabyggð hafi verið að færast nær höfninni undanfarin ár og aðspurður segir hann ekkert því til fyrirstöðu að hægt verði að auka við framboð íbúða þar.

"Það eru hús sem fólk býr í alveg við höfnina og líkar mjög vel." Hann gat þó ekki sagt til um hversu stórt "bryggjuhverfið" yrði eða hversu hratt það myndi byggjast upp.